

Skólaráðsfundur 6.10.2022

Mættir eru: Þuríður Óttarsdóttir, Erna Þórey Jónsdóttir, Fiona Oliver, Líney Sigurðardóttir, Björg Ólafsdóttir, Jóhanna Þorkelsdóttir og Júlía Mekkín Guðjónsdóttir.

Ritari fundargerðar er Vala Nönn Gautsdóttir

- 1) Fundargestir kynna sig. Í skólaráðinu eru í vetur, auk þeirra sem mættu á fundinn, Sigríður Þorgeirsdóttir og Brynjar Gunnlaugsson fulltrúar foreldra, Sölvi Hrannar Jóhannesson fulltrúi nemenda í 10. bekk og svo vantar einn fulltrúa frá grenndarsamfélaginu.
- 2) ÞÓ afhendir bækling um verkefni skólaráðsins og starfsáætlun vetrarins. Farið yfir helstu framkvæmdir og breytingar frá síðasta ári. Fundarmenn samþykkja starfsáætlun skólaráðs fyrir veturinn
- 3) ÞÓ fór yfir framkvæmdir í skólanum í sumar, þær voru ekki miklar, gólf bónuð og veggir málaðir en stærsta framkvæmdin var þó að klára uppsetningu á nýjum loftplötum í íþróttahúsinu. Eitthvað hefur verið um leka sem er verið að skoða, vonandi venjulegt viðhald. Beiðni hefur komið frá Valverinu um að fá fastan vegg í staðinn fyrir skilrúm og að breyta einu klósetti í herbergi. Það er verið að skoða hvort það sé hægt að fá fast skilrúm, erfitt að koma fyrir vegg þar. Einnig þarf að skoða hvort það er hægt að fækka klósettum.

Enn eru nemendaskáparnir efst á óskalistanum, það gengur hægt en við erum að fá tilboð núna frá tveimur fyrirtækjum varðandi skápa. Óskað er eftir skápum sem hægt er að opna og læsa með appi.

Það er verið að skipta um lýsingu alls staðar í húsinu og það á að loka ljósunum sem er í gólfinu við bláa vegginn og fá lýsingu ofan frá, þetta verður vonandi klárað í vetur. Rætt aðeins um hugmyndir varðandi hvað væri hægt að gera við götuna til að fá meira líf og gera hana huggulegri. Væri hægt að fá blóm og einhverja kósí lýsingu. Skólinn er með í útboði núna um ný húsgögn í aðrar stofur en list- og verkgreinastofur.

- 4) Eftir vetrarleyfi verður efnt til samkeppni um merki skólans, þá verða allir í skólasamfélaginu gjaldgengir til að taka þátt og það verður skipuð dómnefnd til að velja flottasta merkið.
- 5) Önnur mál
 - a) Nemendur sögðu að sér liði vel í skólanum og fyndist kósý stemming í frímínútum
 - b) Foreldri sagðist upplifa almenna ánægju með skólann.

Fundi slitið kl. 8:55